

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 miðvikudaginn 29. nóvember 2023, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Ármann Örn Gunnlaugsson, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sara Sigmundsdóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Tómas Árdal varamaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður. Hilda Jana Gísladóttir mætti á fund kl. 13:57. Örn Arnarson boðaði forföll. Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Halldór Óli Kjartansson og Hjalti Páll Þórarinsson.

Formaður fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staða Flugklasa

Hjalti, verkefnastjóri Flugklasans, fór yfir stöðuna.

- Fjármögnun fyrir næsta starfsár er að styrkjast. Akureyrarbær og fleiri sveitarfélög búa að samþykka stuðning fyrir næsta ár, með þeim formerkjum að sveitarfélög og fyrirtæki klasans ræði saman um framtíðarfyrirkomulag á fjármögnun klasans. Skagafjörður, Fjallabyggð og Norðurþing höfnuðu upphaflega erindi klasans, en hafa fengið nýtt erindi þar sem þau eru beðin um að endurskoða ákvörðun sína, eins og sum önnur sveitarfélög hafa gert.
- easyJet flugið gengur vel, góðar bókanir í nóvember og desember, en lakari í janúar. Framkvæmdin hefur einnig gengið vel og engin vandamál á flugvellinum.
- Straumhvörf – vöruþróunarvinnustofurnar á Norður- og Austurlandi gengu vel. Eftirfylgni framundan í byrjum desember og kynningar á verkefnum í Ferðaþjónustuvíkunni í janúar.
- Voigt Travel hélt, ásamt Flugklasnum, vinnustofur í síðustu viku þar sem fyrirtækjum var boðið að koma og taka samtalið við Voigt Travel, ásamt því að fá þjálfun í „communication skills“. Var vel sótt og gekk vel.
- Icelandair mun ljúka tilraun sinni með tengiflug milli AEY og KEF í lok nóv. Ekkert hefur verið gefið út, en vonir standa til að þessi tenging verði fest í sessi.
- Svissneska ferðaskrifstofan Kontiki er að undibúa sitt fyrsta tímabil í leiguflugum nú í vetur beint frá Zurich.
- Flugfélagið Edelweiss verður með áætluðan flug frá Zurich næsta sumar eins og síðasta sumar, hafa þó bætt við og munu fljúga vikulega í 11 vikur sumarið 2024
- MN stendur fyrir súpufundum í vikunni á Sauðárkróki, Akureyri og Mývatnssveit. Á fundunum er staðan í flugmálunum kynnt, gerð grein fyrir helstu markaðsaðgerðum í tengslum við flugin og farið yfir það helsta í sjálfbærni verkefni MN.

Umræður um mikilvægi þess að huga að hafa breiða samstöðu sveitarfélaga að baki Flugklasnum. Huga þarf strax að framtíðarfjármögnun Flugklasans, þar sem samþykktur stuðningur nú gildir í mörgum tilfellum aðeins út næsta ár.

2. Fjármál

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu fjármála MN.

Samingar um áfangastaðastofur við SSNV og SSNE eru ekki tilbúnir en gert ráð fyrir að þeir fáiast. Búið að fara fram á hækkun á þeim samningi til samræmis við aðra landshluta.

Samningur við Íslandsstofu er einnig laus og ekki kominn víska um framhaldið.

Staða bókhaldsvinnu MN var rædd og stjórn upplýst.

Gjaldskrá MN – Halldór gerði grein fyrir þróun gjaldskárinnar síðustu ár. Gjaldskráin hefur ekki hækkað síðan 2015, nema sem nemur breytingu á vísitölu.

3. Markaðsverkefni

Framkvæmdastjóri sagði frá því að MN og Flugklasinn væru núna að fá stuðning frá Íslandsstofu og Norð-austur verkefninu við markaðsaðgerðir tengt easyJet fluginu.

Halldór gerði grein fyrir helstu markaðsaðgerðum sem MN er að sinna í tengslum við millilandaflug.

Formaður sagði yfirlitið sína að MN er að leggja gríðarlega mikla vinnu í því að styðja við easyJet – og að sú vinna væri nauðsynleg til að festa flugið í sessi.

4. Önnur mál

Framkvæmdastjóri greindi frá því að stefnt að því að halda stefnumótunarfund stjórnar í febrúar 2024.

Formaður þakkaði starfsfólki MN fyrir frábært starf.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:15

Fundarritari HPP